

Mál nr 34/2016

Ár 2017, miðvikudaginn 25. janúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 34/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 14. nóvember 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði (Y) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para við rakkann A við tíkina B án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 15. nóvember og honum gefinn frestur til 13. desember til að skila inn andmælum. Svar dagsett 6. desember barst til siðanefndar og var afrit að því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þá óskaði eigandi tíkarinnar eftir nýju álitu dýralæknis sem kærandi gerði ekki heldur athugasemdir við en sendi inn viðbótarupplýsingar um málið. Ákvað siðanefnd að svo búnu að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fram voru komin.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði ódagsettu var rakkinn A paraður við tíkina B hinn 27. apríl 2016 án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Shar pei og er rakkinn í eigu kærða. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í andsvari kærða kom fram að samkvæmt upplýsingum frá ræktanda rakkans, sem er einn af þeim virtustu í USA, þá hafi aldrei fundist PRA í þessu hundakyni. Þá gagnrýnir kærði einnig að ekki sé unnt að fá augnskoðun hérlendis nema endrum og eins. Viðbótargögn sem kærandi sendi varðandi málið hafa ekki vægi því þar er um að ræða niðurstöðu augnskoðunar sem framkvæmd var eftir pörunina sem er kæruefnið í þessu tiltekna máli.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Shar Pei:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun (Gildir frá 01.01.2010). Greinist hundur með staðfesta arfgenga vaxandi sjónrýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01,09.2012)

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og augljóst er að í tilviki sem þessu er mikilvægt að það liggja fyrir við þörun, til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm.

Þar eð kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þá er það mat siðanefndar að hæfilegst sé að áminna kærða.

IV. Niðurstaða.

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Guðríður Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir